

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um breyttar endurgreiðslur lyfjakostnaðar.

Frá Ólafi Þór Gunnarssyni.

1. Hversu miklir fjármunir hafa sparast við þær breytingar sem gerðar hafa verið á endurgreiðslum lyfjakostnaðar á árinu 2009 miðað við 2008?
2. Hversu mikið er gert ráð fyrir að sparist árið 2010 miðað við 2008?
3. Eru áform uppi um að breyta niðurgreiðslum fleiri lyfja eða lyfjaflokka?
4. Hefur ráðuneytið orðið vart við athugasemdir frá sjúklingum eða sjúklingahópum vegna þessara breytinga og þá í hve miklum mæli?
5. Hefur ráðuneytið orðið vart við athugasemdir frá heilbrigðisstarfsmönnum vegna breytinganna og þá frá hvaða hópum heilbrigðisstarfsmanna og í hve miklum mæli?

Skriflegt svar óskast.